

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollskrárn.:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.08 - 30.06.09	53.000	0	244
b)	Ostur og ystingur:		119.000		
0406.1009	Annað (nýr ostur, mysuostur o.fl.)	01.07.08 - 30.06.09		0	174
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.08 - 30.06.09		0	174
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.08 - 30.06.09		0	130
0406.4000	Gráðostur	01.07.08 - 30.06.09		0	200
0406.9000	Annar ostur	01.07.08 - 30.06.09		0	195

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs. Hafi tilboðsgjafi eigi leyst til sín tollkvótann innan þessa tímafrests er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimilt að bjóða næstbjóðanda óinnleystan tollkvóta.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A. og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2009.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. júní 2008.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2008